

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. mars 2018

Tilvísun: 2018020305PS/-

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt

Persónuvernd vísar til fundar með allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í gær og beiðni nefndarinnar frá 13. febrúar 2018 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt (133. mál á 148. löggjafarþingi, þskj. 205). Það ákvæði frumvarpsins, sem einkum varðar vernd persónuupplýsinga og þar með starfssvið Persónuverndar, er að finna í 9. gr. þess þar sem lagt er til að nýrri grein verði bætt við lögina, þ.e. 15. gr. a. Segir í 1. mgr. tillögunnar að þeirri grein að Þjóðskrá Íslands, sem taki ákvörðun um skráningu barns samkvæmt 1. gr. laga nr. 100/1952 í Þjóðskrá, sé heimilt, í því skyni að staðfesta að skilyrði þeirrar greinar séu uppfyllt að óska eftir því að þeir sem í hlut eiga gangast undir rannsókn á erfðaeftni og töku lífsýnis til rannsóknar ef fyrirliggjandi gögn í því efni séu ekki talin fullnægjandi. Neiti sá sem óski skráningar barns, án fullnægjandi ástæðu, að gangast undir slíkar rannsóknir skuli honum gert ljóst að það kunni að hafa áhrif á meðferð máls, en nánar tiltekið er þar átt við mál um hvort barn eigi að fá íslenskan ríkisborgararétt vegna tengsla við íslenskt foreldri.

Friðhelgi einkalífs nýtur verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, en í 2. mgr. þeirrar greinar segir að ekki megi meðal annars gera líkamsrannsókn á manni nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Mikilvægt er við setningu slíkrar lagaheimildar að hún sé skýr og byggji á brýnni nauðsyn, sbr. og 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Eins og hér háttar til skiptir máli í því sambandi að með erfðarannsóknnum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, kynni lögmati niðurstöðu um faðerni barns að vera raskað, þ.e. þegar hún hefur ráðist af þeirri reglu að barn alið í hjónabandi eða sambúð teljist sjálfkrafa vera kynbarn eiginmanns eða sambýlismanns móður án þess að það sé sérstaklega rannsakað. Þá skal bent á það

grundvallarsjónarmið í íslenskum rétti að hafi barn einu sinni verið feðrað tilteknum manni á ekki að endurmeta þá niðurstöðu síðar (nema með vilja barnsins sjálfs eftir að það hefur öðlast lögræði), enda kynni það að raska stöðu og högum barnsins, auk þess sem líta má svo á að með því væri brotið gegn friðhelgi heimilis og fjölskyldu. Í samræmi við þetta meginviðhorf er kveðið á um það í 1. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 76/2003 að maður, sem telur sig föður barns, geti ekki verið stefnandi barnsfadernismáls hafi barnið verið feðrað.

Af þessu leiðir að ríkar ástæður þurfa að liggja því að baki að stjórnvaldi sé veitt heimild að lögum til töku lífsýna úr fólki í þágu erfðarannsóknna vegna ákvarðanatöku um réttindi fólks og skyldur. Í því sambandi skal bent á til hliðsjónar að í barnalögum er eingöngu gert ráð fyrir að dómari, en ekki stjórnvald, geti tekið ákvörðun um slíka rannsókn vegna rannsóknar á faderni, sbr. 15. gr. laganna. Til þess er þó að líta, við samanburð á þessu ákvæði barnalaga og umræddri tillögu frumvarpsins, að ákvörðun dómara samkvæmt lagaákvæðinu skyldar viðkomandi til að undirgangast rannsókn. Eins og fyrr er rakið gerir tillaga frumvarpsins ekki ráð fyrir slíkri skyldu, en fram hjá því verður þó ekki litið að eins og ráðið verður af orðalagi tillögunnar kynni neitun um að gefa lífsýni til erfðarannsóknar að hafa neikvæð áhrif á réttarstöðu viðkomandi. Eins og hér háttar til fælust þau áhrif í því að ekki yrði veittur ríkisborgararéttur vegna tengsla við íslenskt foreldri. Skal sérstaklega bent á í því sambandi að samkvæmt almennum athugasemdum með frumvarpinu er því ætlað að þjóna því markmiði að draga úr ríkisfangsleysi, þ.e. vegna ráðgerðrar fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954 og samnings SÞ frá 1961 um ríkisfangsleysi.

Í ljósi framangreinds er það afstaða Persónuverndar að umrædd tillaga að heimild Þjóðskrár Íslands til að óska eftir rannsókn á erfðaeefni ætti ekki að hljóta samþykki nema fyrir henni sé brýn nauðsyn samkvæmt sterkum rökum þar að lútandi. Verður einkum talið að þar geti átt við rök tengd grunnréttindum einstaklinga sem ekki muni njóta verndar að öðrum kosti, s.s. þegar beiðni um að barn hljóti íslenskan ríkisborgararétt kynni að raska slíkum réttindum þess. Ef á annað borð verður talin ástæða til að lögfesta þá heimild til erfðarannsóknna sem hér um ræðir leggur því Persónuvernd til að í frumvarpstillögunni verði þau tilvik skilgreind þar sem slík rannsókn má fara fram. Þá leggur stofnunin áherslu á að verði tillagan að heimildinni samþykkt ber að gæta meðalhófs við beitingu hennar þannig að hún verði ekki nýtt nema þegar nauðsynlegt sé í þágu lögmætra markmiða.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Þórður Sveinsson